

Handbók um Umferðarmerki
Rammareglur og ýmsar útfærslur
Útgefandi Vegagerðin og Reykjavíkurborg
Mars 2013

Efnisyfirlit

Aðalbrautir	2
Hraðamerkingar	3
Reglur um merkingar blindhæða	5
Merkingar brúa.....	6
Reglur um merkingar einbreiðra brúa.....	7
Reglur um merkingu hringtorga.....	10
Merking jarðganga	14
Skýringarmyndir af merkingum gatnamóta einstefnuvega	17
Skýringarmyndir af notkun tvístefnumerkis.....	18
Dæmi um uppsetningu skilta þar sem bannað er að leggja ökutæki.....	18

Sjá einnig

Vegnúmerakerfið og reglur um vegvísun í handbók um vegvísu
Merkingar vinnusvæði

Aðalbrautir

Skilgreining:

Á aðalbrautum hefur umferð á vegi forgang gagnvart umferð af hliðarvegi. Vegir sem njóta aðalbrautarréttar hafa verið birtir í Stjórnartíðindum.

Aðalbrautarkerkingar

 D03.11 Aðalbraut	 F16.11 Vegnúmer	 A06.11 Biðskylda	 B19.11 Stöðvunarskylda við vegamót
 D03.21 Aðalbraut endar		 J01.11 Fjarlægð að hættu eða stað	 J42.11 Stöðvunarskylda framundan

Merkið D03.11 er sett þar sem aðalbraut byrjar, svo og við vegamót eftir því sem þurfa þykir.

Merkið D03.21 er sett þar sem aðalbraut endar.

Merkið A06.11 eða B19.11 eru sett við hliðarveginn.

Merkið F16.11 er gjarnan sett undir aðalbrautarkerki.

Undirmerkið J01.11 er sett ásamt A06.11 300 m frá vegamótum þar sem aðalbraut tengist annarri aðalbraut.

Undirmerkið J42.11 er sett ásamt A06.11 300 m frá vegamótum þar sem stöðvunarskylda er á aðalbraut.


Merkinga skal aðalbrautir með merki **D03.11 Aðalbraut** og merki **F16.11 Vegnúmer**:

- sitt hvorum megin 300 - 1000 m frá vegamótum við þjóðvegi fyrir umferð sem ekur frá vegamótunum. Ef tvö eða fleiri vegamót við þjóðvegi eru á 3 km kafla eða styttri skal merkja þau eins og um ein vegamót væri að ræða, þ.e. með merki út frá vegamótum í endum kaflans og merkjum á milli þeirra sleppt.
- áður en komið er að vegamótum við þjóðveg í 500 - 1000 m fjarlægð ef vegalengd frá síðasta aðalbrautarkerki er meiri en 20 km.
- fyrir báðar akstursstefnur með að jafnaði ca. 15 km millibili ef fjarlægð frá síðasta aðalbrautarkerki er meiri en 30 km, nema þar sem vegur liggur um óbyggð svæði og engin biðskyldumerki eru fyrir hendi, en í þeim tilfellum skal setja merki 500 - 1000 m áður en komið er að fyrsta afleggjara með biðskyldumerki.


Setja skal upp **A06.11 biðskyldumerki** við vegi sem tengjast aðalbraut samkvæmt eftirfarandi:

- þjóðvegi sem tengjast aðalbrautum
- skýrt afmarkaða afleggjara að húsum/býlum í byggð
- skýrt afmarkaða afleggjara við:
 - orlofshús, 3 eða fleiri
 - skóla
 - stærri kirkjur
 - malarnámur með mikla umferð
 - félagsheimili
 - skíðaskála

Þar sem aðalbraut tengist annarri aðalbraut


skal auk A06.11  vera A06.11 merki og undirmerki J01.11, 300 m frá vegamótum.

Þar sem aðalbraut tengist annarri aðalbraut og gatnamót eru merkt með stöðvunarskyldu skal

auk B19.11  við gatnamót vera A06.11 merki og undirmerki J42.11, 300 m frá vegamótum.

Gatnamót skal merkja með B19.11 **Stöðvunarskylda** ef þau eru sérstaklega hættuleg.

Hraðamerkingar



Við þjóðvegi utan við mörk þéttbýlis (á vegum lengri en 2 km) og utan marka þeirra svæða þar sem sértakar hraðatakmarkanir eru í gildi eiga að vera hraðamerki B26.

Eftirfarandi hámarkshraði gildir nema annað sé tekið fram:

- 90 km hámarkshraði á vegum með bundnu slitlagi
- 80 km hámarkshraði á malarvegum


Vinnureglur um staðsetningu merkjanna:

- Merkin skal að jafnaði setja upp 200-500 m utan við merki D12.21 Þéttbýli lýkur eða þar sem sérstökum hraðatakmarkunum lýkur
- Þar sem stuttur tengivegur (< 2 km) frá þéttbýli tengist inn á stofnbraut skulu merkin að jafnaði staðsett 200-300 m sitt hvorum megin við vegamótin (t.d. við Hólmavík, Þórshöfn, Djúpavog)
- Sitt hvoru megin 500 m frá vegamótum við þjóðvegi fyrir umferð sem ekur frá vegamótunum. Ef tvö eða fleiri vegamót við þjóðvegi eru á 1 km kafla eða styttri skal merkja þau eins og um ein vegamót væri að ræða, þ.e. með merki út frá vegamótum í endum kaflans og merkjum á milli þeirra sleppt
- Áður en komið er að vegamótum með lækkuðum hámarkshraða í 500 m fjarlægð frá vegmótum eins og reglur kveða á um
- Fyrir báðar akstursstefnur með að jafnaði ca. 15 km millibili ef fjarlægð frá síðasta hraðamerki er meiri en 30 km

Þar sem ÁDU > 500 b/dag skal þvermál B26 merkja vera 800 mm annars 600 mm.
Þar sem ÁDU > 5000 b/dag skulu að jafnaði vera tvö merki sitt í hvorum vegkanti á fyrstu hraðamerkingu frá þéttbýli.

Málsetning af hraðamerkingu með stórum merkjum, aðalbrautarrétti og vegnúmeri á næstu síðu.

Hraðamerkingar
Staðsetning merkja



Vegbrún

1000-1500

1000
frá veggæð

A.O. 13.08.2002

Púða skal
setja þar
sem þurfa þykir

Reglur um merkingar blindhæða

Yfirlit merkja



Reglugerð um umferðarmerki:

A99.11 Merki þetta ber að nota þar sem ástæða þykir til að vara við hættu. Gera skal nánari grein fyrir hættunni með undirmerki eða með tákni á merkinu sjálfu. Merkið má og nota án undirmerkis með öðru umferðarmerki ef ástæða þykir til að vara sérstaklega við hættu.

J33.11 Merki þetta er notað með A99.11  þar sem hæð framundan takmarkar mjög vegsýn.

J33.21 Merki þetta er notað með A99.11  þar sem hæðir framundan takmarka mjög vegsýn.

Almennur reglur


Merkin má einnig nota með A01.11/12 hættuleg beygja  eða A01.21/22 hættulegar beygjur .

Merkin skal nota þar sem sjónlengd ökumanns vegna hæðar / umhverfis er minni en mætisjónlengd.

Leyfður hámarkshraði	Mætisjónlengd
70 km	184 m
80 km	248 m
90 km	304 m

Mætissjónlengd er skilgreind sem tvöföld stöðvunarsjónlengd og 10 m öryggisbil.

Stöðvunarsjónlengd er sú vegalengd sem það tekur ökumann á hönnunarhraða vegar að stöðva ökutæki sitt við óvænta hindrun. Gert er ráð fyrir að augnhæð ökumanns sé í 1,0 m hæð yfir jörðu. Stöðvunarsjónlengd er samanlögð ekin vegalengd á viðbragðstíma og vegalengd við hreina bremsun.



L_s : Stöðvunarsjónlengd

L : Sjónlengd ökumanns vegna hæðar

$L < L_s$: Skert stöðvunarsjónlengd

Merkingar brúa


Yfirlit merkja sem eru notuð til að merkja brýr

					
A99.11 Önnur hættu	A01.11 Hættuleg beygja til hægri	A1.12 Hættuleg beygja til vinstri	EINBREIÐ BRÚ J41.11 Einbreið brú	J43.xx Einbreið brú með þröngri akbraut	
					
K12.12 K12.11 K12. Gátskjöldur í vegkanti	K14.12 K14.11 K14. Gátskjöldur á brú	500 m J01.11	K01.11 Vegstika		

Reglugerð um umferðarmerki:

K12 Síma- og rafmagnsstaura og aðra slíka hluti við veg sem þröngja akbraut eða valdið geta vegfarendum hættu má merkja með skjöldum með svörtum og gulum skástrikum sem vísa að vegi.

K14 Brúarenda má merkja með skjöldum með svörtum og gulum skástrikum sem vísa að vegi.

J41.11 Merki þetta er notað með A99.11  til að vara við einbreiðri brú.

J43.xx Merki þetta er notað með viðvörunarmerki til að vara við einbreiðri brú og akbraut sem er mjórri en 3,05 m. Tveir síðustu stafir í númeri tákna breidd akbrautar í metrum með einum aukastaf. Þannig hefur merkið sem hér er sýnt númerið J43.28.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Tvíbreyðar brýr ber einungis að merkja ef þær eru þröngri en akbraut og axlir vegar og þá skal merkja þær með gátskjöldum.

Ef akbraut einbreiðrar brúar er breiðari en 3,05 metrar ber að nota viðeigandi viðvörunarmerki (A99.11, A01.11 eða A01.12) og undirmerki J41.11.

Ef akbraut brúar er 3,05 metrar eða minni ber að nota viðeigandi viðvörunarmerki (A99.11, A01.11 eða A01.12) og undirmerki J43.xx þar sem xx tákna tölur sem sýna akbrautarbreidd.

Einbreiðar brýr skal merkja samkvæmt **reglum um merkingar einbreiðra brúa.**

Reglur um merkingar einbreiðra brúa

Merking brúa á vegum þar sem árdagsumferð (ÁDU) er meiri en 500 bílar

Brýr á vegum með meiri árdagsumferð en 500 bíla skal merkja á eftirfarandi hátt. - [Sjá mynd](#)

- Á enda leiðara (brúarhandriðs) áður en hann sveigist út skulu koma gátskildir K14.11 og K14.12.
- Á enda leiðara skulu koma gátskildir K14.11 og K14.12.
- 30 m frá enda á leiðara skulu koma gátskildir K12.11 og K12.12. Stærð þeirra skal vera 30 x 100 sm.
- 80 m frá enda á leiðara skulu koma gátskildir K12.11 og K12.12. Stærð þeirra skal vera 30 x 100 sm.
- Að baki gátskjaldanna skal komið fyrir stikum.
- 200 - 250 m frá enda á leiðara skulu koma beggja megin vegar merkin A99.11 ásamt undirmerkinu J41.11.
- 500 m frá enda á leiðara skal koma á hægri vegaröxl, miðað við akstursstefnu að brúnni, merkin A99.11 ásamt undirmerkjunum J41.11 og J01.11.

Merking brúa á vegum þar sem árdagsumferð (ÁDU) er á bilinu 200 - 500 bílar

Brýr á vegum þar sem árdagsumferð er á bilinu 200 - 500 bílar skal merkja á eftirfarandi hátt. - [Sjá mynd](#)

- Á enda leiðara (brúarhandriðs) áður en hann sveigist út skulu koma gátskildir K14.11 og K14.12.
- Á enda leiðara skulu koma gátskildir K14.11 og K14.12.
- 30 m frá enda á leiðara skulu koma gátskildir K12.11 og K12.12. Stærð þeirra skal vera 30 x 100 sm.
- Að baki gátskjaldanna skal komið fyrir stikum.
- 200 - 250 m frá enda á leiðara skulu koma beggja megin vegar merkin A-99.11 ásamt undirmerkinu J41.11.

Merking brúa á vegum þar sem árdagsumferð (ÁDU) er minni en 200 bílar

Brýr á vegum þar sem árdagsumferð er minni en 200 bílar skal merkja á eftirfarandi hátt. - [Sjá mynd](#)


- Á enda leiðara (brúarhandriðs) áður en hann sveigist út skulu koma gátskildir K14.11 og K14.12.
- Á enda leiðara skulu koma gátskildir K14.11 og K14.12.
- 250 m frá enda á leiðara skal koma á hægri vegaröxl, miðað við stefnu að brúnni, merkin A99.11 ásamt undirmerkinu J41.11 ef bundið slitlag er á viðkomandi vegi skulu merkin A99.11 ásamt undirmerkinu J41.11 vera beggja megin vegar.

Við brýr sem eru þrengri en 3,05 m skal nota merkið J43.xx í stað J41.11.


Heimilt er að vara við endum leiðara með þar til gerðum merkjum. Sjá neðangreinda mynd.




Merking einbreiðra brúa á vegum þar sem árdagssumferð er meiri en 500 bílar



Merking einbreiðra brúa á vegum þar sem árdagssumferð er á bilinu 200 - 500 bílar



Merking einbreiðra brúa á vegum þar sem árdagssumferð er minni en 200 bílar












Dæmi um merkingu á brú



Munkaþverá á 829-02

Reglur um merkingu hringtorga


Yfirlit merkja

		
A06.11 Biðskylda	A10.11 Hringakstur	C01.11 Akstursstefnumerki
		
C09.11 Akbrautamerki	C12.11 Hringakstur	F09.51 Staðarleiðatafla
		
J01.11 Fjarlægð að hættu eða stað	K12.12 Gátskjöldur í vegganti	K20.21 Þverslá

Merkingar á hringtorgum utan þéttbýlis


- Á móti aðliggjandi akbraut skal vera þverslá K20.21 (hæð 50 sm) ásamt tveimur merkjum C01.11. Æskilegt er að merkin séu upplýst.
- Við akbraut að hringtorgi í hægri horni 2 - 6 m frá hringtorgi skulu vera merkin A06.11 og C12.11
- Á enda umferðareyju sem aðskilur akbrautir að og frá hringtorgi skulu vera merkin C09.11 og K12.12. Merkin skulu vera upplýst.
- Merkin A10.11 og J01.11 skulu vera á hægri kanti aðliggjandi akreinar 150 - 200 m frá hringtorgi.
- Merkið F09.51 skal vera á hægri kanti aðliggjandi akreinar 300 - 400 m frá hringtorgi.

Skýringarmynd af merkingum á hringtorgum utan þéttbýlis



Málsetningar merkja á hringtorgi

Allar stærðir í sentimetrum




Kassarnir á myndinni sýna algenga stærð ljósa.

Merkingar á hringtorgum innan þéttbýlis

- Á móti aðliggjandi akbraut skal vera merkið C01.11
- Við akbraut að hringtorgi í hægri horni 2 - 6 m frá hringtorgi skulu vera merkin A06.11 og C12.11
- Á enda umferðareyju sem aðskilur akbrautir að og frá hringtorgi skal setja vera merkin C09.11 og að auki má setja K12.12
- Merkin A10.11 og J01.11 má setja á hægri kant aðliggjandi akreinar 150 - 200 m frá hringtorgi

Heimilt er að merkja hringtorg innan þéttbýlis á sama hátt og í dreifbýli ef talin er ástæða til.

Skýringarmynd af merkingar á hringtorgum innan þéttbýlis



Merking jarðganga

Yfirlit merkja sem eru notuð til að merkja allar tegundir ganga



Vinnureglur um notkun

- 500 m frá gangamunna skal koma A26.11 og J01.11.
- Á gangamunna skal koma F21.11.
- Á gangamunna skal koma B15.XX.


Viðbótarmarki sem eru notuð til að merkja einbreið göng



Vinnureglur um notkun

- 500 m frá gangamunna skal koma A26.11 og J01.11.
- 200 m frá gangamunna skal koma A14.21 eða A14.22 eftir því hvort á við.
- 50 m frá gangamunna skal koma D05.11 eða B25.11 eftir því hvort á við.
- 50 m frá gangamunna skal koma á hægri vegaröxl m.v. akstursstefnu frá göngum, merkið A25.11.
- Á gangamunna skal koma F21.11.
- Á gangamunna skal koma B15.XX.
- Í göngum skal nota gátskildi K13.12 og K13.11. Við útskot í göngum skal koma D06.11

Skýringarmynd af merkingu einbreiðra jarðganga




Dæmi um önnur merki sem eru notuð til að merkja í og við göng

 <p>D06.51 Snúningssvæði til hægri</p>	 <p>D06.52 Snúningssvæði til vinstri</p>	 <p>D24.11 Vegur þar sem krafist er veggjalds</p>	 <p>B05.11 Hjólreiðar bannaðar</p>
 <p>B05.21 Hestaumferð bönnuð</p>	 <p>B05.31 Umferð gangandi vegfarenda bönnuð</p>	 <p>B12.xx Minnsta bil milli vélknúinna ökutækja</p>	


Skýringarmyndir af merkingum gatnamóta einstefnuvega

Meta skal aðstæður hverju sinni hvernig merkja bera gatnamótin.




Skýringarmyndir af notkun tvístefnumerki

Dæmi um notkun tvístefnumerki á einstefnuakstursvegi.



Dæmi um notkun tvístefnumerki þegar ekið er frá aðskildum akreinum á tvístefnuveg.



Dæmi um uppsetningu skilta þar sem bannað er að leggja ökutæki

